

**Mál nr. 8**  
**Keflavík**  
**gegn**  
**Snæfellsnesi**

**Kæra Keflavíkur**

**Dómkröfur**

Knattspyrnudeild Keflavíkur fer fram á að vera dæmdur 0-3 sigur í leik í 3. flokk karla, á milli Snæfellsnes og Keflavíkur, sem fram fór á Ólafsvíkuvelli 25. júlí 2007 og lyktaði 1-1.

**Málavextir**

Í leik, sem háður var á Ólafsvíkuvelli 25.07.2007 kl. 20:00, milli Snæfellsnes og Keflavíkur í 3. flokki karla, hefur Snæfellsnes notfært sér einstakling, Sindri Hrafn Friðþjófsson, sem skráður sem leikmaður knattspyrnufélagsins Vals en ekki leikmaður þess félags sem hann spilaði fyrir í umræddum leik.

**Tilvísun**

40. gr. Reglugerðar KSÍ, um knattspyrnumót, greinir á um að lið sem mættir til keppni, hafa ekki leyfi til þess að notfæra sér leikmann sem ekki er lögmætur með því félagi sem hann skal leika fyrir. Knattspyrnudeild Keflavíkur fer því fram á að Keflavík verði dæmdur sigur, 0-3.

**Röksemdir**

Snæfellsnes notfærði sér ólöglega leikmann í umræddum leik og samkvæmt knattspyrnulögum KSÍ hefur félagið því brotið lög þess. Knattspyrnudeild Keflavíkur fer fram á hámarks refsingu, að Snæfellsnes verður dæmdur brotlegur og því dæmdur ósigur 0-3, Keflavík í hag.

**Sönnunargögn**

Í leikskýrslu frá leiknum er leikmaður Sindri Hrafn Friðþjófsson skráður sem leikmaður nr. 9. Umræddur leikmaður er skráður félagsmaður í Knattspyrnufélagið Val og munu sönnunargögn fylgja því til rökstuðnings.

**Vitni**

Nafn: Haukur Benediktsson, þjálfari.

Kennitala: 110669-3729

Heimilisfang: Mávabraut 8b, 230 Keflvík

Nafn: Zoran Daníel Ljubicic, þjálfari.

Kennitala: 080167-2029

Heimilisfang: Heiðarhvammi 6, 230 Keflavík

Nafn: Smári Helgason, formaður unglingaráðs Keflavíkur.

Kennitala: 100461-2509

Heimilisfang: Heiðarbóli 23, 230 Keflavík

Virðingarfyllst

---

Unnar Stefán Sigurðsson  
Framkvæmdastjóri yngriflokka Keflavíkur

### **Greinargerð Snæfellsnes**

#### **Kröfur**

Af hálfu Snæfellsness eru gerðar þær kröfur að umræddur leikmaður verði talinn löglegur sem leikmaður Snæfellsness og að úrslit umrædds leiks sem fram fór á Ólafsvíkuvelli 25. júlí 2007 verði látin standa óhögguð.

#### **Málavextir**

Sindri Hrafn Friðþjófsson er fæddur og uppalinn í Snæfellsbæ. Hann hóf að æfa og leika með Víking/Reyni 6 ára gamall árið 1998 og hefur æft og leikið með því liði öll sumur síðan. Veturna 2003/2004 og 2004/2005 bjó hann tímabundið í Reykjavík þar sem móðir hans var við nám. Á meðan hann dvaldi í Reykjavík æfði hann með Val. Ekki var gengið frá félagskiptum hans úr Víking/Reyni yfir í Val. Að loknu námi móður sinnar snéri Sindri Hrafn aftur heim og hefur æft og keppt fyrir Snæfellsnes síðan en Snæfellsnes er sameinað lið félaga á Snæfellsnesi. Sindri Hrafn lék aldrei með Val á Íslandsmóti. Hinsvegar lék Sindri Hrafn með HSH (sameinað lið félaga á Snæfellsnesi) á Íslandsmóti árið 2003 í 5. flokki.

#### **Málsástæður og lagarök**

Af hálfu Snæfellsness er á því byggt að þar sem Sindri Hrafn hóf knattspyrnuferil sinn hjá Víking/Reyni og lék með HSH á Íslandsmóti árið 2003 eigi upphafsskráning hans hjá KSÍ með réttu að vera hjá Víking /Reyni sbr. reglugerð KSÍ um félagskipti leikmanna. Aldrei var gengið frá félagskiptum hans úr Víking/Reyni í Val. Samkvæmt framansögðu er ljóst að Sindri Hrafn er með réttu leikmaður Snæfellsness.

#### **Gögn**

Vísað er leikskýrslu vegna íslandsmóts 5. flokks karla A lið C2 riðil árið 2003. (skýrslan á að vera tiltæk í höfuðstöðvum KSÍ).

Snæfellsbæ 7. ágúst 2007

---

Jónas Gestur Jónasson  
Formaður Snæfellsnes

#### **Úrskurður Aga-og úrskurðarnefndar KSÍ**

Ár 2007, þriðjudaginn 21. ágúst, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Kolbeini Árnasyni, Einari M. Árnasyni og Presti Ríkharðssyni.

**Fyrir er tekið málið nr. 8/2007:**  
Knattspyrnudeild Keflavíkur  
gegn  
Snæfellsnesi.

Gögn málsins merkt nr. 1-4 liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

**ÚRSKURÐUR:**

I.

**Kærandi:**

Knattspyrnudeild Keflavíkur, kt. 541094-3269, Skólavegi 32, Keflavík.  
Fyrirsvarsmaður Unnar Stefán Sigurðsson.

**Kærði:**

Snæfellsnes, kt. , Sundabakka 8, 340 Snæfellsbæ.  
Fyrirsvarsmaður Jón Gestur Jónasson formaður Snæfellsnes.

Snæfellsnes er sameinað lið Ungmennafélagsins Snæfells, kt. 600269-6079, Ungmennafélags Grundarfjarðar, kt. 630189-2689 og sameinaðs liðs Víkings, kt. 520290-2579 og Ungmennafélags Reynis, kt. 680792-2249.

Mál þetta er mótttekið af skrifstofu KSÍ 31. júlí sl. með tölvupósti og með pósti þann 2. ágúst sl. Kærða var gefinn kostur á skila greinargerð og barst greinargerð kærða þann 7. ágúst sl. Tölvupóstur frá knattspyrnufélaginu Val barst 22. ágúst sl.

**Kröfur:**

Kærandi krefst þessa að úrslitum í leik Snæfellsnes og Keflavíkur í Íslandsmóti þriðja flokks karla í knattspyrnu þann 25. júlí 2007 verði breytt og Keflavík verði dæmdur 0-3 sigur í leik liðanna.

Kærði krefst þess að úrslit leiksins verði látin standa óhöggud.

II.

**Málsatvik og ágreiningsefni:**

Kærandi lýsir málavöxtum svo að í leik Snæfellsnes og Keflavíkur í þriðja flokki karla í knattspyrnu þann 25. júlí 2007 hafi einn leikmaður Snæfellsnes, Sindri Hrafn Friðjónsson, kt. 270392-2299, verið ólöglegur. Vísar kærandi til þess að umræddur leikmaður hafi verið skráður leikmaður Vals en ekki leikmaður þess félags sem hann spilaði fyrir í umræddum leik.

Máli sínu til stuðnings vísar kærandi til eftirtaldrá ákvæða í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót: 40. gr. Ólöglega skipað lið. Telur kærandi að Snæfellsnes hafi teflt fram ólöglega skipuðu liði þar sem einn leikmaður liðsins hafi verið skráður leikmaður Vals en ekki Snæfellsnes og hafi félagið því brotið gegn 40. gr. og skv. því beri að dæma að Snæfellsnes hafi tapað leiknum 0-3.

### III.

Í greinargerð kærða er á því byggt að Sindri Hrafn Friðjónsson hafi hafið knattspyrnuferil sinn hjá Víking/Reyni og síðan leikið með HSH á Íslandsmóti árið 2003 og því eigi upphafsskráning hans að vera hjá Víking/Reyni og er vísað til reglugerðar KSÍ um félagsskipti þessu til stuðnings. Þá byggir kærði á því að aldrei hafi verið gengið frá félagsskiptum Sindra Hrafns úr Víking/Reyni í Val og því sé Sindri Hrafn með réttu leikmaður Snæfellsnes. Er af þeim sökum krafist að úrslit leiksins verði látin standa óbreytt.

### IV.

#### **Niðurstaða:**

Í máli þessu er um það deilt hvort leikmaður Snæfellsnes, Sindri Hrafn Friðþjófsson, hafi verið ólöglegur í leik liðsins gegn Keflavík þann 25. júlí sl. í Íslandsmóti þriðja flokks karla. Ekki er deilt um það að þegar umræddur leikur fór fram var leikmaðurinn skráður hjá KSÍ sem leikmaður Vals.

Samkvæmt gr. A 2 í reglugerð KSÍ um félagsskipti leikmanna er leikmaður hlutgengur til keppni með því félagi sem hann æfir fyrst knattspyrnu með, svo fremi að félagið hafi látið skrá leikmanninn hjá KSÍ. Samkvæmt greinargerð kærða hóf umræddur leikmaður feril sinn hjá Víking/Reyni og hefði með réttu átt að hafa verið skráður upphaflega sem leikmaður annars hvors félagsins. Það er hins vegar á ábyrgð viðkomandi félaga að láta skrá leikmenn hjá KSÍ og þar sem hvorki Víkingur né Ungmennafélagið Reynir hefur skráð umræddan leikmann verður ekki byggt á framangreindri málsástæðu kærða.

Hins vegar liggur fyrir skv. gögnum málsins að leikmaðurinn lék með liði HSH (sameinað lið Víkings/Reyni, Snæfells og Ungmennafélag Grundarfjarðar) á Íslandsmóti 5. flokks B. árið 2003, sbr. leikskýrsla á skjali nr. 3. Frá og með þeim degi er umrædd leikskýrsla barst KSÍ hefði leikmaðurinn með réttu átt að vera skráður í kerfi KSÍ sem leikmaður liðs í sinni heimabyggð, þ.e. leikmaður Ungmennafélagsins Reyni. Sú skráning fórst þó fyrir af ókunnum ástæðum en á þeim mistökum verður hið kærða félag og umræddur leikmaður ekki látin bera ábyrgð.

Kemur þá til athugunar hvort leikmaðurinn hafi á einhverjum síðari tímapunkti verið réttilega skráður leikmaður Vals hjá KSÍ. Í málinu er framlagður tölvupóstur frá knattspyrnufélaginu Val, dags. 22. ágúst 2007, þar sem staðfest er að umræddur leikmaður hefur eingöngu æft með félaginu að vetri til en aldrei spilað opinberan leik fyrir hönd þess. Þá liggur fyrir að engin formleg tilkynning um félagsskipti leikmannsins hefur borist KSÍ. Samkvæmt framangreindu eru því engin gögn til staðar er sýnt geta fram á að umræddur leikmaður hafi með réttu átt að vera skráður í kerfi KSÍ sem leikmaður Vals.

Í ljósi framangreinds verður að líta svo á að umræddur leikmaður hafi ranglega verið skráður leikmaður Vals í kerfi KSÍ og að rétt skráning leikmannsins sé hjá Ungmennafélaginu Reyni. Lið Snæfellsnes er sameinað lið Víkings/Reyni, Snæfells og Ungmennafélags Grundarfjarðar

og sé tekið mið af því hvernig réttri skráningu leikmannsins átti að vera háttað var hann gjaldgengur sem leikmaður Snæfellsnes í leik liðsins gegn Keflavík þann 25. júlí 2007.

V.

### Úrskurðarorð:

Úrslit í leik Snæfellsnes og Keflavíkur í Íslandsmóti þriðja flokks karla í knattspyrnu sem fram fór á Ólafsvíkuvelli kl. 20:00 þann 25. júlí 2007 og lyktaði með markatölunni 1-1 skulu standa óbreytt.

---

Kolbeinn Árnason

---

Einar M. Árnason

---

Þróstur Ríkharrðsson